

## A 1765/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndar um

**þingmannatillögu um að finna sátta- og samkomulagslausn í hinni katalónsku deilu sem reynir á Evrópu****Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar vegna þingmannatillögu A 1765/presidiet.

**Bakgrunnur**

Mikko Kärnä (cent), Johanna Karimäki (gröna), Jenis Av Rana (Mfl.) og Axel Jonsson (ÅF) leggja til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún bjóðist til að stuðla að samskiptum í deilunni milli Spánar og Katalóníu;

að stuðla að tjáningarfrelsi, grundvallarreglum réttarríkis, mannréttindum og lýðræði í sáttarviðræðum;

að virða alþjóðarétt, ESB-rétt og landslög, í þeirri viðleitni að koma á samskiptum.

**Sjónarmið forsætisnefndarinnar**

Forsætisnefndin álitur að það sé utan áhrifasviðs Norrænu ráðherranefndarinnar að tileinka sér hlutverk í Katalóníu-deilunni. Ríkisstjórnir norðurlandanna líta á deiluna í Katalóníu sem spænskt innanlandsmál. Lagt er til að Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar vegna tillögunnar.

Nuuk, þann 13 september 2018

*Annette Lind (S)**Bertel Haarder (V)**Christian Juhl (EL)**Maarit Feldt-Ranta (sd)**Martin Kolberg (A)**Michael Tetzschner (H)**Mikael Staffas (Lib)**Mikkel Dencker (DF)**Oddný G. Harðardóttir (Sf)**Phia Andersson (S)**Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)**Staffan Danielsson (C)**Wille Rydman (saml)*